



Hjólaskauta aðstaða



Í Reykjavík



Ragnarök - Royal City Roller Girls (10.03.18)

Hjólaskautaat

Hjólaskautaat (e. *roller derby*) er háhraða snertiíþrótt sem er spiluð á hjólaskautum.

Hjólaskautafélagið var stofnað á Íslandi árið 2011 og hefur farið ört stækkandi síðan þá.

“

Ég fann mig aldrei í neinni íþrótt fyrr en ég byrjaði að æfa hjólaskautaat.

-Gabríella Sif

”



Hjólaskautaat er fyrir alla


Hjólaskautafélagið er fyrir alla. Hvort sem þú ert stelpa, strákur, trans, lítil/l, stór, ung/ur eða gömul/gamall þá ertu meira en velkomin/n í Hjólaskautafélagið og allir hafa hlutverk. Margir sem byrja að æfa hjá okkur hafa sagt að hjólaskautaat sé fyrsta íþróttin þar sem þau upplifa sig

velkomin.

Hjólaskautafélagið heldur nýliða- námskeið tvisvar á ári þar sem fólk fær að koma og prófa hjólaskauta. Ef þeim list vel á íþróttina býðst þeim að skráð sig í félagið. Það hefur verið mjög góð þátttaka á nýliðanámskeiðunum en við erum að vonast til að geta tekið við fleirum ef við fáum meiri búnað til að leigja út.

Brautarmál

Svona lítur brautin okkar út:



Stærðin á vellinum sem við höfum hugsað okkur er 44m x 29m. Þess má geta að brautin er flöt og getur því verið á nánast hvaða slétta undirlagi sem er.

Það sem þarf að fylgja vellinum er:

- Okkar braut merkt á gólfinu með línunum
 - Hjólaskauta- og búnaðarleiga
 - Áhorfendabekkir
 - 6 búningsklefar fyrir iðkendur
 - Félagsaðstaða (fyrir t.d. fundi eða námskeið)
-

Junior Derby

- - - -

Það hefur verið lengi draumur hjá okkur í Hjólaskautafélaginu að byrja með junior derby á Íslandi eins og tíðkast hjá erlendum félögum. En það hefur ekki verið hægt þar sem við erum ekki með aðgang á búnaðarleigu fyrir krakka og við erum ekki með fast húsnæði. Draumurinn er að halda sumarnámskeið fyrir krakka og einnig að halda námskeið með skóla á haustin og vorin ef það er nógu mikill áhugi fyrir því.



Hvað mun Hjólaskautahöll gera fyrir Hjólaskautafélagið?

- - - -

Ennþá eru margir á Íslandi sem vita ekki hvað hjólaskauta er og við trúum því að það muni breytast með Hjólaskautahöll.

Hjólaskautahöll mundi hjálpa mikið með að vera með æfingar á góðu gólfi og að fá betri æfingartíma. Mörg íþróttahús vilja ekki hjólaskauta á sitt gólf þar sem þau halda að við rispum gólfið, en það er bara ekki satt.

Fast húsnæði og búnaðarleiga myndi einnig hjálpa okkur mjög mikið fyrir nýliðanámskeið og junior derby.

Framtíðarsýn

- - - -

- 1 ár

Vera komin inn í ÍSÍ, ÍBR og WFTDA.
Vera komin með betri æfingatíma og aðstöðu.

- 2 ár


Vera byrjuð með junior derby.
Halda helgarmót með 4-5 liðum.

- 3 ár

Vera komin með tvö lið á Íslandi (18+).
Byrja með heilsársstarf fyrir yngri flokkana.

- 5 ár

Vera komin með heimavöll og afdrep.



Hvað er
nota



hægt að

Hjólaskautahöllina í?

- - - -

Þar sem við þurfum bara parket þá er hægt að nota Hjólaskautahöllina í margt annað. Til dæmis er hægt að nota salinn í íþróttir fyrir skóla í nágrenninu og leigja út tíma fyrir almenning sem vilja spila fótbolta/körfubolta/annað.

Við viljum samt vera aðal leigjandinn, þannig við fáum að velja hvenær okkar æfingatímar eru. Einnig mættu ekki vera nein efni notuð á vellinum sem hindra það að hægt sé að skauta á gólfinu, t.d. Harpíx.







Team Iceland á heimsmeistaramótinu 2018



Team Iceland

Landslið Íslands í hjólaskautaati hefur tvívegis farið erlendis á stórmót. Árið 2016 fór liðið á evrópumeistaramótið sem haldið var í Belgíu og í ársbyrjun 2018 hélt liðið svo til Englands og tók þátt á heimsmeistaramótinu, en þar kepptu 38 lið allstaðar úr heiminum.

Hjólaskautahöll myndi einnig hjálpa landsliðinu mikið að vaxa.

